



Skóla- og frístundaráð

Reykjavík, 3. febrúar 2025

MSS25010162

EBH

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarstjórnar frá 28.1.2025 varðandi eftirfarandi mál:

**Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Árbæjar og Holta um aukið samstarf grunn- og framhaldsskóla vegna framhaldsskólakynninga**

Lögð fram svohljóðandi tillaga Magneu Þóreyjar Guðlaugsdóttur fulltrúa í ungmennaráði Árbæjar og Holta

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundaráði að finna leiðir til að auka samstarf grunn- og framhaldsskóla í Reykjavík vegna framhaldsskólakynninga fyrir 10. bekkina og hvetji til þess að stóra framhaldsskólakynningin verði haldin árlega að hausti til.

Greinargerð:

Lagt er til að samþykkt verði að auka samstarf grunn- og framhaldsskóla þegar kemur að framhaldsskólakynningum fyrir nemendur 10. bekkjar. Nemendur í 10. bekk í grunnskólum Reykjavíkur eru margir ósáttir með takmarkað framboð framhaldsskólakynninga og leggja til að nýtsamleg framhaldsskólakynning verði haldin árlega héðan í frá að hausti til fremur en að vori annað hvert ár.

Vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs.

Það tilkynnist hér með.

Athygli er vakin á því að tillagan var ekki samþykkt á fundinum og fara skal með hana á sama hátt og önnur mál sem koma til meðferðar af fundi borgarstjórnar. Í því felst að hana ber að leggja fram, taka hana til meðferðar og afgreiða eins skjótt og unnt er. Boða skal fulltrúa úr Reykjavíkurráðinu á fund ráðsins til að kynna efni tillögunnar.

**Lögð er áhersla á það að tillagan fái formlega afgreiðslu á vettvangi ráðsins.**

Óskað er eftir því að forsætisnefnd verði upplýst reglulega um framvindu málsins og um endanlega afgreiðslu tillögunnar. Afrit af þeim bréfum ber að senda á tengilið Reykjavíkurráðs ungmenna, Huldu Valdísi Valdimarsdóttur, verkefnastjóra á skóla- og frístundasviði. Stöðufundur með fulltrúum Reykjavíkurráðsins verður haldinn á haustmánuðum. Þar verður farið yfir afgreiðslur tillagna af sameiginlegum fundi borgarstjórnar með Reykjavíkurráðinu. Er mælt til þess að tillagan verði afgreidd af skóla- og frístundaráði fyrir þann tíma.

Helga Björk Laxdal  
e.u.